


Tölvusjúkir jólasveinar



Saga: Ólína Þorleifsdóttir, skólastjóri
Myndir: Gabríela Wium nemandi í 10. bekk

Það var dimmur og fallegur vetrarmorgunn í Þorlákshöfn. Það var farið að styttast í jólin og í 1. bekk voru kennararnir Svava og Helena að kenna krökkunum allt um stafinn V og í leikskólunum Bergheimum og Hraunheimum voru Jóhanna, Júlía, Ingibjörg, Sara Soffía, Sigrún, Hafdís og Ewa að syngja jólalög með börnunum. Allt var rólegt og notalegt og jólastemningin lá í loftinu í litla bænum. Ólína skólastjóri var inni hjá sér að skrifa tölvupóst þegar Lóa skólaritari kom með bréf þar sem merkt var -ÁRÍÐANDI – MIKILVÆGT- BERIST BEINT TIL SKÓLASTJÓRA. Ólína flýtti sér að opna bréfið og las.

„Kæra Ólína. Ég er í algjöru uppnámi og veit bara ekkert hvað ég á til bragðs að taka. Bræður mínir jólasveinarnir hafa misst allan áhuga á því að fara með gjafir í skóinn. Þeir vilja bara spila í Playstation og horfa á Youtube. Þeir segjast ætla að taka frí frá þessu öllu saman og ætla bara að sleppa því að gefa í skóinn fyrir þessi jól.


Hjálpaðu mér. Þinn Stúfur.“



Ólína starði á bréfið. Hún hljóp rakleiðis inn í 1. bekk.

„Svava og Helena, við erum með alvarlegt vandamál,“ sagði hún andstutt eftir hlaupin. „Jólasveinarnir ætla ekki að gefa í skóinn. Þeir eru bara í tölvuleikjum og nenna engu.“

Svava missti næstum tölvuna sem hún hélt á og Helena settist niður í stól og táraðist. „Þetta gengur ekki sagði Svava. Börnin eru búin að vera svo stillt. Þau verða alveg miður sín ef þau fá ekkert í skóinn.“



Kæra Ólína. Ég geri þig þessu upplausn
og veit ekki hvað ég átti þig að fara
þráðum minni jólasveinarnir. Hafa misst
allan áhuga á þu að fara með
garðir í skólinn. Þeir vilja bara spila
Playstation og horfa á Youtube. Þeir segja
etla að fara smá frá þessu öllu
sumum og etla bara að sleppa þu að
gefa í skólinn fyrir þessu. Oi.

„Við getum ekki leyst þetta einar,“ sagði Helena áhyggjufull. „Við verðum að fá hjálp frá kennurunum á Bergheimum og Hraunheimum.“

Á örskotsstundu voru allir kennararnir frá leikskólunum mættir á neyðarfund. Fríða og Renata stuðningsfulltrúar komu líka með penna og stílabók til að skrifa fundargerð en þær voru svo stressaðar að þær teiknuðu bara hringi og jólastjörnur.

„Við vitum að börnin bíða spennt eftir að fá í skóinn,“ sagði Helena. „Og þau hafa verið svo dugleg og góð. Þetta má bara ekki gerast.“

„Nei, ekki séns,“ sagði Ingibjörg ákveðin. Við björgum þessu! Eins og alltaf.“



Björgunarleiðangurinn

Kennararnir fengu lánaða nokkra snjósleða hjá björgunarsveitinni Mannbjörg. Ingibjörg og Júlía útbjuggu nestiskörfu með heitu kakói, smákökum og piparkökum. Sara Soffía pakkaði í sjúkrakassa og Hafdís tók með þrjá poka af kattamat. „Maður veit aldrei,” sagði hún.

Þær putu af stað upp fjallið. En ferðin gekk ekki snurðulaust.

Helena ætlaði að skoða landakort en datt þá af sleðanum. Svava henti sér af til að hjálpa henni og endaðu þær á að velta beint í snjóskafl. Hinir kennararnir ætluðu svo að reyna að toga þær upp úr skaflinum en það endaði nú ekki betur en svo að allur hópurinn festist í skaflinum.

Þegar þær voru að reyna að losna heyrðist allt í einu djúpt „*mrrrraaaauuuu*”.

„Ó nei,” hvíslaði Sara Soffía. „Jólakötturinn!”

Út úr snjómuggunni birtist hann. Risavaxinn, svartur og fýldur.

„Hann er greinilega ekki í góðu skapi,” hvíslaði Sigrún.

Jólakötturinn setti upp kryppu og hvæsti hátt. En þá steig Hafdís fram eins og hetja. Hún tók upp poka af kattamat og hristi hann. Jólakötturinn fraus á stundinni en mjálmaði svo mjúklega eins og kettlingur. Hann át allan kattamatinn með bestu lyst.

„Ég sagði ykkur það,” sagði Hafdís. „Alltaf taka kattamat með.”

Kötturinn fór fyrir hópnum og mokaði leið með stóru loppunum sínum þangað til hellir jólasveinanna blasti við þeim.



Tölvupreyttir sveinar

Inni í hellinum ríkti greinilegt ófremdarástand. Kertasníkir lá uppi á sófa með tölvu í fanginu og hvíslaði: „Ekki slökkva á leiknum mínum.“ Hurðaskellir var að setja hurðir í lás til að enginn truflaði hann.

Gluggagægir var að fylgjast með Youtube-vídeoí um jólin í Ástralíu og Pottaskefill sat reiður úti í horni eftir að hafa tapað í tölvuleik. Stekkjastaur sat með snakkpoka og fartölvu undir borði, dáleiddur af youtube myndbandi af krökkum að opna dót.

Kjötkrókur sat með rauð augu og sagði: „Ég sef bara eftir næsta level.“

Skyrgámur hafði misst þolinmæðina og slett skyri á allt og alla.

Stúfur kom hlaupandi og faðmaði kennarana.

„Þið komuð! Ég vissi að þið mynduð hjálpa! Það klikkar aldrei að biðja um hjálp í Þorlákshöfn. Ég held að þar hljóti bara að búa besta fólk á Íslandi. Allavega bestu kennararnir og bestu börnin.“

Grýla og Leppalúði sátu úrvinda á eldhússtólum. „Við höfum reynt allt,“ sagði Grýla. „Við reyndum að setja reglur um skjátíma en þeir hlógu bara og sögðu að Youtube væri mikilvægara en jólin.“



Kennararnir breyttu upp ermarnar og sögðu Grýlu og Lepplúða að þau mættu ekki gefast upp. „Þetta tekur smá tíma en það verður að vera reglur annars fer allt í vitleysu. Láttu okkur þekkja það,” sagði Ewa.

Svava kallaði saman fund. Helena skrifaði niður nokkrar reglur á blað. Og mikilvægast reglan var: „Tölvuleikir mega aldrei eyðileggja og koma í staðinn fyrir góðar samverustundir og hátíðir.“


Jóhanna talaði við sveinana um ábyrgð. Júlía fór yfir mikilvægi svefns. Ingibjörg minnti þá á glaðværu krakkana í Þorlákshöfn sem eru nú ekki svona mikið í tölvum. Sara Soffía ræddi um hvað það væri mikilvægt að leika sér líka úti. Sigrún talaði um gleðina og hvað gaman er að gleðja aðra. Og Hafdís gaf Skyrgámi smá sætt skyr til að róa hann.

Í fyrstu voru sveinarnir fúlir. „Þetta er leiðinlegt,” sagði Gluggagægir.

„Ég nenni ekki að fara út í kuldann,” sagði Pottaskefill. „Krökkunum er alveg sama hvort við komum eða ekki,” sagði Ketkrókur.

En þegar kennararnir sögðu þeim frá því að börnin hefðu verið dugleg og góð og að þau væru orðin svo spennt fyrir jólinum. Jólin væru nú einu sinni hátíð barnanna, ljóss og friðar. Þá var allt í einu eins og eitthvað kviknaði innra með jólasveinunum.

„Ætli þau séu virkilega að bíða eftir okkur?“ spurði Kertasníkir. „Já,” sagði Helena. „Og þau elska jólin og ykkur.” Þá brotnaði Skyrgámur alveg saman. „Ég vil ekki vera jólasveinninn sem gleymdi jólagleðinni.“ Einn af öðrum gáfust þeir upp, slöktu á tölvunum og símunum.



Grýla setti smákökur á borð. Leppalúði hitaði súkkulaði. Og Stúfur grét af gleði.

„Þið björguðuð jólinum.“

Heimferðin

Kennararnir kvöddu og þutu á sleðanum heim til Þorlákshafnar. Nú án þess að festast eða detta, því jólakötturinn fylgdi þeim alla leið og ruddi brautina.

Þær komu heim rétt fyrir myrkur og voru svo sannarlega stoltar, glaðar og með hjartað fullt af jólagleði.

Og þannig var það að kennarar og starfsfólk í Þorlákshöfn björguðu jólinum.....Aftur.

Með samstilltu átaki, hlýju og smá kattamat.



